

**Ed.**

**338. Frumvarp til laga**

**[143. mál]**

um almenningsbókasöfn.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1955.)

### I. KAFLI

#### 1. gr.

Almenningsbókasöfn eru: 1. bæjar- og héraðsbókasöfn, 2. sveitarbókasöfn, 3. bókasöfn heimavistarskóla og annarra opinberra stofnana, sem taldar eru upp í III. kafla laga þessara. Öll slík bókasöfn skulu hlíta lögum þessum.

#### 2. gr.

Landinu skal skipt í bókasafnshverfi eins og hér segir:

1. Reykjavík og Kjósarsýsla.
2. Hafnarfjörður og Garða- og Bessastaðahreppar í Gullbringusýslu.
3. Keflavík og Gullbringusýsla frá takmörkum Garða- og Vatnsleysustrandarhreppa.
4. Akranes og þrjú syðstu hreppar Borgarfjarðarsýslu.
5. Mýrasýsla og Borgarfjarðarsýsla, að undanskildum þrem syðstu hreppunum.
6. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.
7. Dalasýsla.
8. Austur-Barðastrandarsýsla.
9. Vestur-Barðastrandarsýsla.
10. Vestur-Ísafjarðarsýsla.
11. Ísafjörður og Norður-Ísafjarðarsýsla.
12. Strandasýsla.
13. Vestur-Húnavatnssýsla.
14. Austur-Húnavatnssýsla.
15. Sauðárkrókur og Skagafjarðarsýsla.
16. Siglufjörður.
17. Ólafsfjörður.

18. Akureyri og Eyjafjarðarsýsla.
19. Húsavík og Suður-Þingeyjarsýsla.
20. Norður-Þingeyjarsýsla.
21. Fljótsdalshérað, Skriðdalur, Fljótsdalur og Jökuldalur.
22. Seyðisfjörður, Seyðisfjarðar-, Loðmundarfjarðar-, Borgarfjarðar-, Vopnafjarðar- og Skeggjastaðahreppar í Norður-Múlasýslu.
23. Neskaupstaður, Norðfjarðar- og Mjóafjarðarhreppar.
24. Suður-Múlasýsla, að undanskildum Skriðdals-, Valla-, Egilsstaða-, Eiða-, Norðfjarðar- og Mjóafjarðarhreppum.
25. Austur-Skaftafellssýsla.
26. Vestur-Skaftafellssýsla.
27. Rangárvallasýsla.
28. Vestmannaeyjar.
29. Árnessýsla.

### 3. gr.

Í hverju bókasafnshverfi skal vera eitt bæjar- eða héraðsbókasafn. Aðsetur þessara bókasafna skulu vera sem hér greinir:

1. Reykjavík. 2. Hafnarfjörður. 3. Keflavík. 4. Akranes. 5. Borgarnes.
6. Stykkishólmur. 7. Búðardalur. 8. Reykhólar, 9. Patreksfjörður. 10. Þingeyri.
11. Ísafjörður. 12. Hólmavík. 13. Hvammstangi. 14. Blönduós. 15. Sauðárkrókur.
16. Siglufjörður. 17. Ólafsfjörður. 18. Akureyri. 19. Húsavík. 20. Kópasker. 21. Egilsstaðir. 22. Seyðisfjörður. 23. Neskaupstaður. 24. Eskifjörður. 25. Höfn í Hornafirði.
26. Vík í Mýrdal. 27. Hvolsvöllur. 28. Vestmannaeyjar. 29. Selfoss.

### 4. gr.

Hlutverk þessara bókasafna er að efla almenna menntun með því að gefa mönnum kost á að lesa góðar bækur, svo og á annan hátt, eftir því sem ástæður leyfa.

Til hvers bókasafns skal afla innlendra bóka og rita, þjóðlegra fræða, skáldverka og rita um hagnýt efni. Leggja skal og áherzlu á öflun merkra erlendra bóka, eftir því sem kostur er á, og þá einkum þeirra, sem varða atvinnulíf og almenna menntun.

### 5. gr.

Bæjarbókasöfn skulu hafa með höndum svo víðtæka útlánastarfsemi, að bóka-kostur þeirra megi koma bæjarbúum að sem fyllstum notum miðað við stærð safnanna, fjölbreytni, fjárhag og aðrar aðstæður. Þá skulu og bæjarbókasöfn starfrækja lestrarsal eða lestrarsali, svo sem fært er vegna húsrúms og fjárhagsgetu. Skylt er bóka-vörðum að leiðbeina um bókaval, eftir því sem unnt er og heppilegt þykir, og sérstaklega skulu þeir vera þeim notendum safnanna hjálplegir um ráð og leiðbeiningar, sem óska fræðslu eða heimilda um ákveðin efni. Þá sé bóka-vörðum og skylt að veita framhaldsskólanemendum skipulagsbundna fræðslu um notkun bókasafna almennt og öflun heimilda um ákveðin efni, ef skólanefndir óska þess og húsakostur bókasafnsins leyfir.

Héraðsbókasöfn skulu hafa sömu skyldur í kaupþúnum, þar sem þau eru staðsett, og bæjarbókasöfn í bæjum. Einnig skulu þau með ákveðnum takmörkunum og skilyrðum (sbr. 25. gr.) lána um bókasafnshverfið bækur, sem ekki er kostur á í hlutaðeigandi sveitarbókasafni. Þetta nær og til bæjarbókasafna, sem jafnframt eru héraðsbókasöfn.

Bókavörðum þessara safna skal og skylt, eftir því sem við verður komið, að senda fáorðar, skriflegar upplýsingar um fróðleiksatriði, þegar um þær er beðið í skynsamlegum tilgangi.

### 6. gr.

Hvert bæjar- og héraðsbókasafn skal vera sjálfseignarstofnun undir yfirstjórn hlutaðeigandi bæjarstjórnar og/eða sýslunefndar (sýslunefnda), enda sjái þessir

aðilar safninu fyrir viðunandi húsnæði og leggi því rekstrarfé ásamt ríkissjóði samkv. lögum þessum og úrskurði reikninga þeirra.

#### 7. gr.

Fjárframlög til bæjar- og héraðsbókasafna skulu árlega greidd þannig:

Úr bæjarsjóði kaupstaðar eða hreppssjóði kaupsþings, þar sem safnið er staðsett, skal greiða safninu eigi minni fjárhæð en sem svarar til kr. 15.00 á íbúa kaupstaðarins eða kaupsþingsins.

Á móti framlagi þessu greiðir ríkissjóður fjárhæð, sem nemur kr. 7.50 á íbúa staðarins. Nái íbúatala kaupstaðar 4000, skal þó framlag ríkissjóðs lækka um kr. 0.75 á íbúa og síðan um jafnháa fjárhæð við hverja 1000 íbúa, sem fram yfir eru 4000, unz framlag ríkissjóðs er komið niður í kr. 2.50 á íbúa, og skal það vera lágmarksframlag ríkissjóðs til bókasafns.

Eftir sömu reglum skal bæjarstjórn heimilt að lækka framlög úr bæjarsjóði um kr. 0.50 á íbúa, unz það nemur kr. 10.00 á íbúa, sem einnig skal vera lágmark.

Framlög annarra aðila bókasafnshverfis, sýslufélags eða hluta sýslufélaga, skulu nema 3 krónum á íbúa, og greiði ríkissjóður kr. 2.50 á móti.

Fjárframlög skal miða við mannfjölda í bókasafnshverfi, eins og hann er í ársbyrjun.

Skal Hagstofan fyrir lok janúarmánaðar gefa bókafulltrúa skýrslu um mannfjölda í hverju bókasafnshverfi. Skal mannfjöldaskýrslan vera sundurliðuð þannig, að glögglega sjáist, hvað hverjum aðila ber að greiða. Ber bókafulltrúa að tilkynna stjórnnum bókasafnanna mannfjölda í bókasafnshverfi.

Skulu framlög ríkissjóðs greiddast með tvennum jöfnum greiðslum, hin fyrri fyrir lok marzmánaðar og hin síðari fyrir lok septembermánaðar. Um gjalddaga annarra framlaga fer eftir reglum, sem settar verða, skv. 28. gr.

#### 8. gr.

Stjórn bókasafnsins skal skipuð 5 mönnum, kosnum af bæjarstjórn og/eða sýslunefnd.

Þar sem að héraðsbókasafni stendur bæði kaupstaður og eitt eða fleiri sýslufélög eða hluti sýslufélags, skal fara um fjölda stjórnarnefndarmanna frá hverjum aðila eftir reglum, sem settar verða af menntamálaráðuneytinu.

Skulu stjórnarnefndarmenn kosnir að afstöðnum kosningum til bæjarstjórna og sýslunefnda og fyrir kjörtímabilið.

#### 9. gr.

Stjórn bókasafns skal ráða bókavörð og ákveða honum laun, hvort tveggja með samþykki hlutaðeigandi bæjarstjórnar og/eða sýslunefndar og bókafulltrúa.

Hún skal hafa eftirlit með húsakynnum safnsins og bókaeign þess og öðru því, er safnið varðar.

Í febrúarmánuði ár hvert skal stjórn bókasafns senda hlutaðeigandi bæjarstjórn og/eða sýslunefnd(um) og bókafulltrúa ýtarlega skýrslu um starfsemi safnsins á liðnu ári, hag þess og bókakaup.

#### 10. gr.

Stjórn bókasafns er heimilt að fengnu samþykki sýslunefndar eða bæjarstjórnar að stofna og reka bókasafnsútibú. Skulu þau vera undir stjórn aðalbókasafns og hlíta reglum, sem þeim verða settar og staðfestar verða af menntamálaráðuneytinu.

## II. KAFLI

### Um sveitarbókasöfn og lestrarfélög.

#### 11. gr.

Í hverju sveitarfélagi utan þeirra kaupþúna, þar sem héraðsbókasöfn eru starfandi, skal vera sveitarbókasafn, nema annað komi til samkvæmt lögum þessum (sbr. 13. gr.).

Sveitarbókasafn skal rekið af hlutaðeigandi sveitarstjórn(um), lestrarfélagi (lestrarfélögum) eða öðrum félagssamtökum sveitarinnar.

Þar sem ekki starfar sveitarbókasafn, skal sveitarstjórn stofna eða láta stofna slíkt safn eigi síðar en að ári liðnu frá gildistöku þessara laga.

#### 12. gr.

Kjósi tveir eða fleiri hreppar eða lestrarfélög í tveim eða fleiri sveitarfélögum að sameinast um eitt sveitarbókasafn, skal þeim það heimilt.

Sveitarstjórn skal heimilt að undangenginni samþykkt á almennum hreppsfundi að fela héraðsbókasafni það hlutverk, sem ætlað er sveitarbókasafni samkvæmt lögum þessum, enda renni þá til héraðsbókasafnsins það framlag hlutaðeigandi sveitarsjóðs og ríkissjóðs, sem sveitarbókasafni ber (sbr. 13. gr.).

#### 13. gr.

Fjárframlög til sveitarbókasafna skulu greiddast þannig: Þar sem sveitarbókasafn er rekið af sveitarstjórn, skal úr sveitarsjóði greidd fjárhæð, sem nemur eigi minna en kr. 5.00 á hvern íbúa sveitarinnar samkvæmt síðasta manntali, og skal greidd jafnhá fjárhæð á móti úr ríkissjóði.

Njóti sveitarbókasafn hærrí fjárstyrks úr sveitarsjóði eða úr félagssjóðum en sem nemur kr. 5.00 á hvern íbúa, skal skylt að greiða úr ríkissjóði 50% framlag á móti því, sem fram yfir er, en þó aldrei móti herra heildarframlagi en sem nemur kr. 10.00 á hvern íbúa sveitarinnar.

#### 14. gr.

Stjórn sveitarbókasafns, sem rekið er samkvæmt 13. gr., skal skipuð 3 mönnum, kosnum af sveitarstjórn að afloknum hreppsnefndarkosningum og til 4 ára.

#### 15. gr.

Þar sem lestrarfélag (lestrarfélög) eða önnur félagssamtök annast rekstur sveitarbókasafns, skal um fjárframlög til bókasafnsins frá félagssamtökunum og ríkissjóði fara eftir sömu reglum og segir í 13. gr. Nái fjárframlög ekki því lágmarki, sem þar er ákveðið, skal greitt úr sveitarsjóði (sveitarsjóðum) það, sem á vantar.

#### 16. gr.

Stjórn sveitarbókasafns, sem rekið er samkvæmt 15. gr. laga þessara, skal skipuð þrem mönnum. Skulu 2 þeirra kosnir af félagssamtökum þeim, sem að safninu standa, og 1 af hlutaðeigandi sveitarstjórn. Skulu þeir kosnir til 4 ára. Þar, sem tvö eða fleiri sveitarfélög eða félagssamtök í tveim eða fleiri sveitarfélögum standa að sveitarbókasafni, skal stjórnin skipuð 5 mönnum, og fer um tölu stjórnarnefndarmanna frá hverjum aðila eftir reglum, sem settar verða af menntamálaráðuneytinu að fengnum tillögum hlutaðeigandi sveitarstjórna.

#### 17. gr.

Skylt er sveitarstjórn(um) að sjá sveitarbókasafni fyrir húsnæði, og skal jafnan geyma slík söfn í skólahúsi eða félagshemili sveitarinnar, þegar þess er kostur.

18. gr.

Hætti félagssamtök þau, sem um getur í 15. gr., að reka sveitarbókasafn eða vanræki það, er hlutaðeigandi sveitarstjórn(um) skylt að taka það í sínar vörslur og reka það samkvæmt lögum þessum.

Rísi ágreiningur út af slíkum skiptum, skal hlíta úrskurði menntamálaráðuneytisins.

19. gr.

Stjórn sveitarbókasafns skal starfa undir yfirstjórn hlutaðeigandi sveitarstjórnar (sveitarstjórna), og skulu reikningar þess endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsins (hreppanna).

Stjórnin skal ráða safninu sérstakan bókavörð. Skal hún ásamt bókaverði sjá um, að safnið komi að sem fyllstum notum öllum þeim, sem búa í því sveitarfélagi (sveitarfélögum), sem það tilheyrir.

20. gr.

Í febrúarmánuði ár hvert skal stjórn sveitarbókasafnsins senda hlutaðeigandi sveitarstjórn(um) og bókafulltrúa ýtarlega skýrslu um hag, rekstur og bókakaup safnsins á liðnu ári, og skal þá bókafulltrúi hlutast til um, að safnið fái ríkisstyrk þann, sem því ber fyrir liðið ár.

21. gr.

Námsstjórar skulu á ferðum sínum líta eftir rekstri og bókakosti sveitarbókasafna og gefa bókafulltrúa skýrslu um ástand þeirra.

### III. KAFLI

#### Um bókasöfn skóla og annarra opinberra stofnana.

22. gr.

Heimilt er að stofna og reka bókasöfn með styrk af opinberu fé í heimavistar-skólum (barnaskólum og framhaldsskólum), ef ekki er sveitar-, bæjar- eða héraðsbókasafn á staðnum, svo og í sjúkrahúsum landsins, heilsuhælum, elliheimilum og fangahúsum.

23. gr.

Skólabókasöfn, sem um getur í 22. gr., skulu fá árlegan styrk úr ríkissjóði, sem nemur kr. 10.00 á nemanda miðað við nemendafjölda í byrjun skólaárs, enda fái safnið jafnháan fjárstyrk annars staðar frá.

Skólastjóri skal hafa umsjón með skólabókasafni og sjá um, að það komi kennurum og nemendum að sem fyllstum notum. Hann skal í lok skólaárs senda bókafulltrúa skýrslu um hag, rekstur og bókakaup safnsins á liðnu skólaári, og ber þá bókafulltrúa að hlutast til um, að bókasafn skólans fái ríkisstyrk þann, sem því ber fyrir liðið skólaár.

24. gr.

Bókasöfn þau, sem um getur í 22. gr., önnur en skólabókasöfn, skulu njóta árlegs styrks úr ríkissjóði, sem nemur kr. 25.00 á rúm sjúkrahúss, eins og þau eru talin samkvæmt skýrslu landlæknis, eða tölu vistmanna í hæli, eins og hún er í ársbyrjun.

Bókasöfn þessi skulu vera undir umsjá stjórnar stofnunarinnar, en heimilt er henni að fela framkvæmdarstjóra stofnunarinnar eða öðrum starfsmanni hennar forsjá safnsins.

Stjórn bókasafnsins (stofnunarinnar) skal í febrúarmánuði ár hvert senda bókafulltrúa skýrslu um hag, rekstur og bókakaup safnsins á liðnu ári, og ber þá bókafulltrúa að hlutast til um, að safnið fái ríkisstyrk þann, sem því ber.

#### IV. KAFLI Almenn ákvæði.

##### 25. gr.

Öll almenningsbókasöfn, sem styrks njóta samkvæmt lögum þessum, skal geyma í góðum, rakalausum húsakynnum.

Allar bækur þeirra skal binda í traust band jafnóðum sem því verður við komið. Aldrei má lána út óbundna bók eða lausa úr bandi.

Allar bækur, sem safn eignast, skulu skráðar í aðfangabók og tölusettar og auðkenndar sem eign safnsins. Skulu þær skipulega flokkaðar og þeim raðað.

Jafnan skal vera í bókasafni handhæg bókaskrá fyrir notendur safnsins og bókavörð.

Heimilt er stjórnnum bókasafna að setja í sérstakan flokk bækur, sem ekki skal láta út úr bókasafni, svo sem fágætar bækur, orðabækur og ýmsar handbækur, en lána skal þær á lestrarsal.

##### 26. gr.

Öll almenningsbókasöfn landsins skulu hafa samstarf sín á milli um gagnkvæm bókalán og bókaskipti, eftir því, sem hagkvæmt þykir.

Um bókaskipti skal leita ráða og samþykkis bókafulltrúa.

Aldrei má gefa eða selja bók úr almenningsbókasafni nema með samþykki bókafulltrúa.

##### 27. gr.

Skylt er, að hvert það bæjar- eða héraðsbókasafn, sem talið er upp í lögum þessum, fái ókeypis eitt eintak af Alþingistiðindum, Stjórnartíðindum, skýrslum Hagstofunnar, lagasafni, Hæstaréttardómum, skólaskýrslum, Lögbirtingablaðinu, prentuðum álitum millipinganefnda og öðrum opinberum skýrslum og ritum, sem ríki og stofnanir þess gefa út.

Enn fremur skýrslur sýslunefnda og bæjarfélaga.

Skal bókasöfnum sent þetta þeim að kostnaðarlausu, en skylt er að láta binda öll slík rit og varðveita þau.

Heimilt er öðrum almenningsbókasöfnum að fá ókeypis þau ofantalinna rita, er þau óska, ef þau hlíta settum reglum að binda þau og geyma.

##### 28. gr.

Stjórn bókasafns skal setja safninu reglur um útlán bóka, lestrarstofu, réttindi og skyldur lánþega og annað, er varðar rekstur safnsins samkvæmt lögum þessum.

Skulu reglur þessar samþykktar af hlutaðeigandi bæjarstjórn og/eða sýslunefnd(um) og sveitarstjórn(um) og staðfestar af menntamálaráðuneytinu.

Bókafulltrúi skal gefa safnstjórn leiðbeiningar um slíkar reglur.

Ekkert safn skal njóta styrks úr ríkissjóði, fyrr en þessar reglur hafa verið settar.

#### V. KAFLI Um bókafulltrúa.

##### 29. gr.

Menntamálaráðherra skal skipa sérstakan bókafulltrúa í skrifstofu fræðslumálastjóra.

Bókafulltrúi skal hafa eftirlit með öllum almenningsbókasöfnum landsins, leiðbeina stjórnnum þeirra og bókavörðum um bókaval og allt, sem að rekstri bókasafna lýtur.

Skal menntamálaráðherra setja honum erindisbréf um starf hans.

### 30. gr.

Með lögum þessum eru þau ákvæði laga nr. 1 frá 21. janúar 1944, er varða lestrarfélög, úr gildi numin.

#### Ákvæði til bráðabirgða:

Stjórnir bókasafna skulu kosnar fyrsta sinni fyrir júnílok 1955, og sitji þær þar til nýjar hafa verið kjörnar samkvæmt ákvæðum 8. og 14. gr. laganna.

#### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

##### 1.

Hinn 29. júlí s. l. skipaði menntamálaráðherra eftirtalda menn í nefnd „til þess að athuga og gera tillögur að reglum og eftir atvikum lagafrumvarpi um bókasöfn héraða og almenningsstofnana“: Guðmund Gíslason Hagalín rithöfund, formann nefndarinnar, Helga prófast Konráðsson á Sauðárkróki og Þorkel Jóhannesson prófessor. Ásgeir Pétursson, fulltrúi í stjórnarráðinu, var skipaður lögfræðilegur ráðunautur nefndarinnar.

Tildrög þessarar nefndarskipunar voru eins og hér segir: Upp úr síðustu áramótum ákvað menntamálaráðherra að fela Guðmundi Gíslasyni Hagalín að kynna sér í samráði við fræðslumálastjóra starfsemi og starfsskilyrði svo margra bókasafna og lestrarfélaga, að athugun hans gæti gefið allgreinilega hugmynd um ástandið í þessum málum. Hann heimsótti síðan nokkur bókasöfn og rúmlega tuttugu lestrarfélög, aflaði upplýsinga um fjármál og aðbúð bókasafna, starfshætti þeirra og starfsskilyrði og yfirför skýrslur seinustu tveggja ára frá lestrarfélögum um bóka-kaup. Enn fremur kynnti hann sér nokkuð, hvað lestrarfélögin ættu af merkjum íslenskum bókum, fræðibókum og skáldritum, sem út hafa verið gefnar á síðari áratugum. Hann sendi því næst menntamálaráðherra og fræðslumálastjóra álitserð, og síðan skipaði menntamálaráðherra nefndina.

Nefndarmenn komu fyrst saman snemma í ágústmánuði, og var þá Helgi prófastur Konráðsson kosinn ritari nefndarinnar. Nefndarmenn ræddu nokkuð starfsgrundvöll og starfshætti og frekari öflun gagna og ákváðu síðan að fresta fundum fram yfir mánaðamót. Nefndin kom saman á ný í öndverðum septembermánuði, ræddi frekar starfsgrundvöll og tilhögun starfa og hafði því næst samráð við menntamálaráðherra og lögfræðilegan ráðunaut. Hún yfirför síðan allar þær upplýsingar, sem fyrir lágu um starfsemi og starfsskilyrði bókasafna og lestrarfélaga hér á landi, og aflaði sér nýrra, og enn fremur kynnti hún sér gögn um skipan þessara mála í Svíþjóð og Danmörku. Hún hélt fundi í þrjár vikur, en að þeim tíma liðnum hafði hún lokið að semja flesta aðaldrætti frumvarpsins. Hún frestaði þá fundahöldum, og var ákveðið, að nefndarmenn skyldu athuga frumvarpið hver í sínu lagi og málið í heild. Hinn 13. október kom nefndin saman á ný og hélt síðan áfram samfelldum störfum, unz hún hafði gengið til fulls frá frumvarpinu, ásamt greinargerð og skýringum. Hún hafði ávallt samráð við hinn lögfræðilega ráðunaut og hélt fundi með honum og menntamálaráðherra, þegar ástæða þótti til. Nefndin skilaði frumvarpinu í ráðuneytið 15. nóv. 1954 og hafa nokkrar breytingar verið gerðar á því að fyrirlagi ríkisstjórnarinnar.

##### 2.

Í öllum menningarlöndum munu vera til lög og reglugerðir um skipan og starfsemi almenningsbókasafna, og gildi slíkra fræðslu- og menningarstofnana hefur um langt skeið verið ljóst leiðtogum og áhugamönnum um menningarmál. Á Norðurlöndum hefur verið lögð mikil áherzla á skipan þessara stofnana og sem viðtækasta starfsemi þeirra, og auk laga um þessi efni hafa verið gefnar út margvíslegar reglugerðir og leiðbeiningar, sem lúta að almenningsbókasöfnum.

Hér á landi er öðru máli að gegna. Íslendingar voru af ýmsum ástæðum seinir til að semja lög um almenna skólaskyldu, og varð þorri manna að láta sér þá fræðslu duga í flestum greinum, sem þeir höfðu hvöt og aðstöðu til að veita sér sjálfir. En síðan komið var á skólakerfi í landinu, hefur það sífellt verið aukið, en mjög lítið hirt um að bæta skilyrðin til sjálffræðslunnar, sem víðast varð áður fyrrum að vera mönnum svo að segja einhlít og hafði oft gefið furðanlega góða raun. Fyrstu og einustu lögin, sem til eru með Íslendingum um almenningsbókasöfn, eru Lög um lestrarfélög og kennslukvikmyndir. Þau voru fyrst samþykkt árið 1937, en síðan var þeim breytt 1942 og 1943. Þau fjalla um fjárframlög af hálfu ríkissjóðs til lestrarfélaga, og eru þar settar ákveðnar reglur um úthlutun fjárins og skýrsluskil gerð að skilyrði fyrir styrk. Með þessum lögum var stigið veigamikilið spor til eflingar félögunum og söfnunar fróðleiks um starfsemi þeirra.

Með þeim framfara- og frelsisanda, sem vaknaði hjá þjóðinni á 19. öldinni, fylgdi hjá nokkrum mönnum víðsvegar um land skilningur á gildi almenningsbókasafna. Skömmu eftir stofnun Landsbókasafnsins var komið á fót á Akureyri Bókasafni Norður- og Austuramtsins. Bókasafn Vesturamtsins var síðan stofnað í Stykkishólmi 1847, og undir aldamótin var komið upp á Seyðisfirði, sem þá var vaxandi bær og verzlunarmiðstöð fyrir ýmsar sveitir í báðum Múlasýslum, sérstöku bókasafni fyrir Austuramtið. Á 19. öldinni var tekið að stofna lestrarfélög og bókasöfn, sem þjóna skyldu smærri heildum en amtsbókasöfnin, og upp úr sumum þessara safna urðu sýslubókasöfn, en kunnast þeirra er Bókasafn Þingeyinga í Húsavík. Þá hafa og öll bæjarfélögin komið sér upp almenningsbókasöfnum.

### 3.

**Bæjarbókasafn Reykjavíkur** hefur með höndum viðtæka útlánastarfsemi, starfrækir þrjú útibú, hefur opna lestrarsali, og enn fremur lesstofur handa börnum í öllum barnaskólum bæjarins. Aðalbókasafnið er í húsi, sem keypt var handa safninu og breytt í samræmi við þarfir þess. Framlag bæjarins, þar í skirteinagjöld, nam árið 1953 kr. 455 743.00 (sem næst kr. 7.60 á hvern bæjarbúa). Ríkisstyrkur kr. 37 500.00 eða 8.2% af framlagi bæjarins.

**Bókasafn Akraness** lánar út bækur allt árið og hefur opna lesstofu á vetrum. Það á við að búa ófullnægjandi húsnæði. Framlag bæjarins og notendagjöld nema kr. 61 250.00 og auk þess leggur bærinn safninu til húsnæði, ljós og hita, sem ekki mundi ofmetið á kr. 700.00 á mánuði, og yrði þá allt framlag bæjarins kr. 69 650.00 (kr. 24.00 á mann). Ríkisstyrkur kr. 3750.00 eða 5.4% af framlagi bæjarins.

**Bókasafn Ísafjarðar** er til húsa í nýlegum og rúmgóðum húsakynnum, sem eru eign bæjarins. Það lánar út bækur allan ársins hring og starfrækir tvær lesstofur. Framlag bæjarins og notendagjöld nema kr. 97 500.00, en vanreiknuð húsaleiga mundi ekki nema minni fjárhæð en krónum 600.00 á mánuði, og nemur þá allt framlag bæjarins kr. 104 700.00 (38.30 á mann). Ríkisstyrkur kr. 14 250.00 eða 13.6% af framlagi bæjarins.

**Bókasafn Skagfirðinga** á Sauðárkróki er bæði bæjar- og héraðsbókasafn. Það er sjálfseignarstofnun og er til húsa í sínum eigin húsakynnum. Safnið lánar bækur um allt héraðið, en hefur ekki nema að litlu leyti starfrækt lesstofu. Framlag bæjarins er kr. 6435.00, en sýslunnar kr. 5000.00, og afnotagjöld eru kr. 1110.00. Þá mundi ekki of mikið að reikna húsaleigu safnsins kr. 400.00 á mánuði, og mundu þá öll framlög bæjar og sýslu nema kr. 17 385.00. Ríkisstyrkur er kr. 3800.00 eða um 22% af heimaframlaginu.

**Bókasafn Siglufjarðar** er í leiguhúsnæði, sem er því ófullnægjandi. Safnið hefur ekki starfrækt lesstofu, heldur aðeins lánað út bækur. Framlag bæjarins er kr. 64 700.00 (kr. 19.17 á mann). Ríkisstyrkur kr. 6250.00 eða 11.4% af bæjarframlaginu.

**Bókasafn Ólafsfjarðar** er nýlega flutt í húsnæði, sem bæjarfélagið á, og mun þar verða opnuð lesstofa. Framlag bæjarins nemur kr. 3000.00, auk húsnæðis, ljóss,



hita og ræstingar, sem áætla mætti kr. 750.00 á mánuði, og væri þá allt framlag bæjarins kr. 12 000.00 (um kr. 13.00 á mann). Ríkisstyrkur er kr. 2500.00 eða 20.8% af framlagi bæjarins.

**Amtsbókasafnið á Akureyri** er fyrst og fremst orðið bæjarbókasafn Akureyrarhúa, en er þó um leið héraðsbókasafn Eyjafjarðarsýslu. Það lánar út bækur allt árið og starfrækir lestrarsali. Það hefur til umræða allstórt, en ekki hentugt húsnæði. Framlag bæjarins nemur kr. 115 000.00, en auk þess leggur bærinn til húsnæði handa safninu, og mundi láta nærri að reikna það kr. 750.00 á mánuði. Yrði þá allt framlag bæjarins kr. 124 000.00 (kr. 17.00 á mann). Eyjafjarðarsýsla leggur safninu til kr. 1000.00 á ári. Framlag bæjar og sýslu verður þá samtals kr. 125 000.00. Ríkisstyrkur er kr. 13 000.00 eða 10.4% af framlagi bæjar og sýslu.

**Bókasafn Þingeyinga á Húsavík** er fyrst og fremst sýslubókasafn Suður-Þingeyjarsýslu, en starfar þó einnig sem bæjarbókasafn Húsvíkinga. Undanfarið hefur starfsemi þess að miklu leyti fallið niður vegna vöntunar á húsnæði, en nú hefur safnið fengið bráðabirgðahúsnæði í nýju húsi Kaupfélags Þingeyinga, og hefur það hafið útlánastarfsemi. Í hinu nýja húsnæði er og hægt að starfrækja lesstofu. Framlög heiman úr héraði eru sem hér segir: Frá Húsavíkurbæ kr. 6600.00, frá sýslunni kr. 4000.00, frá Kaupfélagi Þingeyinga kr. 2830.00 og auk þess húsnæði, ljós, hiti og ræsting, sem mundi ekki ofreiknað á kr. 600.00 á mánuði, og nemur þá allt framlag kaupfélagsins kr. 10 030.00. Auk þess eru afnotagjöld kr. 1260.00. Allt framlag héraðsbúa verður þá kr. 21 890.00. Ríkisstyrkur kr. 5550.00 eða 25.4% af heimaframlaginu.

**Bókasafn Austuramtsins á Seyðisfirði** starfar nú næstum eingöngu sem bæjarbókasafn Seyðisfjarðarkaupstaðar, en Norður-Múlasýsla á þó ennþá aðild að safninu. Safnið er í leiguhúsnæði. Útlán fara fram þrisvar í viku, og lesstofa er opin hluta úr fimm dögum vikunnar yfir vetrarmánuðina. Framlag kaupstaðarins er kr. 18 000.00 (kr. 24.00 á mann). Norður-Múlasýsla leggur kr. 400.00 til safnsins, og eru þá framlög bæjarins og sýslubúa samtals kr. 18 400.00. Ríkisstyrkur kr. 10 000.00 eða 54.3% af framlagi sýslu og bæjar.

**Bókasafn Neskaupstaðar** býr í leiguhúsnæði og starfrækir ekki lesstofu, en lánar út bækur á tímabilinu frá 1. október til maíloka. Framlag bæjarins og notendagjöld eru kr. 24 750.00 (kr. 18.80 á mann). Ríkisstyrkur kr. 3750.00 eða 15.1% af bæjarframlaginu.

**Bókasafn Vestmannaeyja** er í ófullnægjandi húsnæði, en auk þess sem það lánar út bækur hefur það opna lesstofu. Framlag bæjarins, þar með talin notendagjöld, er kr. 50 250.00 (kr. 12.60 á mann). Ríkisstyrkur kr. 6250.00 eða 12.4% af framlagi bæjarins.

**Bókasafn Keflavíkur** hefur starfað sem lestrarfélag. Húsnæðisleysi hefur mjög hamlað starfsemi þess, en nú stendur til að það fái húsnæði í hinum nýja gagnfræðaskóla Keflavíkur, og fær það þá skilyrði til starfrækslu. Keflavíkurbær leggur nú til safnsins kr. 30 000.00. Það hefur aðeins notið styrks úr ríkissjóði af fé því, sem ætlað er lestrarfélögum.

**Bókasafn Hafnarfjarðar** hefur húsnæði í gagnfræðaskólanum. Þar hafði það um skeið yfir að ráða ágætu húsnæði, en fyrir nokkrum árum var þrengt að því vegna þarfa skólans, svo að það hefur ekki síðan getað starfrækt lestrarsal. Til eru í sjóði kr. 200 000.00 til bókasafnshúss, og er ráðgert að hefja byggingu þess á næsta vori. Framlag bæjarins til safnsins nemur kr. 76 000.00, en auk þess húsnæði, ljós, hiti og ræsting, og mundi það hóflega metið kr. 600.00 á mánuði eða kr. 7200.00 á ári. Allt framlag bæjarins mundi þá vera kr. 83 200.00 (kr. 15.15 á mann). Ríkisstyrkur kr. 13 000.00 eða 15.6% af bæjarframlaginu.

Framlag bæjanna og sýslanna fjögurra, sem standa að bókasöfnum í kaupstöðum, nemur samtals kr. 1 077 668.00, og ríkisstyrkurinn kr. 119 600.00, og er hann 11.1% af heildarframlagi hinna aðilanna.

Aðeins frá tveimur af söfnunum utan Reykjavíkur liggja fyrir skýrslur um bókakost, skráningu og flokkun, bókalán og starfstilhögun.

#### 4.

Mýra- og Borgarfjarðarsýsla hafa komið sér upp bókasafni í Borgarnesi. Safn þetta á allgott úrval bóka, einkum erlendra, og hefur með höndum útlán, en skortur á rúmgóðu og hentugu húsnæði háir starfsemi þess. Lestrarfélag starfar í Borgarnesi, og á það nokkurt bókasafn. Er sami bókaörður við bæði söfnin, og er starfsemi þeirra að einhverju leyti samræmd. Árlegt framlag Mýrasýslu til sýslubókasafnsins er kr. 3000.00, og Borgarfjarðarsýsla greiðir til þess kr. 1500.00 á ári. Borgarneshreppur leggur því til húsnæði, ljós, hita og ræstingu, og mundi mega meta þetta kr. 3000.00 á ári. Loks hafa nokkrir menn í héraðinu myndað styrktarfélag, sem leggur safninu árlega kr. 1500.00. Framlög héraðsbúa nema því samtals kr. 9000.00. Ríkisstyrkur er kr. 3750.00.

Amtsbókasafnið í Stykkishólmi starfar nú fyrst og fremst sem bókasafn Snæfellinga. Það hefur með höndum útlánastarfsemi, en húsnæði þess er svo lítið og óhagkvæmt, að geyma verður í kössum nokkuð af bókakostinum. Árið 1953 fékk safnið byggingarstyrk frá ríkinu kr. 15 000.00 og frá sýslunni kr. 7000.00. Nú á það í byggingarsjóði rúmlega tvö hundruð þúsund krónur, og mun bráðlega verða hafizt handa um byggingu bókhlöðu. Árið 1953 voru framlög til starfsemi safnsins eins og hér segir: Frá sýslunni kr. 5000.00, frá Stykkishólmshreppi kr. 5000.00 og frá ríkinu kr. 10 900.00.

Vestur-Barðastrandarsýsla átti bókasafn á Patreksfirði á fyrstu áratugum aldarinnar, en svo var horfið að því ráði að selja safnið á uppboði. Árið 1938 ákvað sýslan á ný að koma sér upp bókasafni á Patreksfirði. Framlag sýslunnar til safnsins er nú kr. 1200.00 og ríkisstyrkur kr. 3800.00. Ennþá er safnið lítið, en í því úrvalsbækur. Fram að þessu hefur það ekki haft með höndum útlánastarfsemi, enda skortir það húsnæði.

Vestur-Ísafjarðarsýsla kom sér upp sýslubókasafni á Þingeyri fyrir allmörgum áratugum, og lengi vel var því sómi sýndur og bækur þess mikið notaðar. Fyrir nokkrum árum var það flutt í héraðsskólann á Núpi. Þar á sýslan líka bókasafn Sighvats Grímssonar Borgfirðings. Söfnin hafa verið í mjög þröngu húsnæði og notkun þeirra verið lítil. Framlag sýslunnar til safnanna er kr. 500.00. Ríkisstyrkur til safns Sighvats Borgfirðings er kr. 1250.00 og annar styrkur frá ríkinu kr. 550.00 eða alls kr. 1800.00.

Strandasýsla á bókasafn á Hólmanvík. Hreppurinn leggur því til húsnæði, og er það í sama húsi og bókasafn Lestrarfélags Hólmanvíkur. Sýslubókasafnið kaupir einkum fræðibækur og bækur á útlendum málum, en lestrarfélagið skáldrit og aðrar alþýðlegar bækur á íslenzku. Framlag sýslunnar til bókasafnsins er kr. 900.00, og ríkisstyrkurinn er kr. 800.00.

Vestur-Húnavatnssýsla hefur komið sér upp bókasafni á Hvammstanga. Framlag sýslunnar er kr. 500.00 og ríkisstyrkur kr. 2650.00. Hreppurinn sér safninu fyrir húsnæði.

Austur-Húnavatnssýsla á bókasafn á Blönduósi. Það er allgamalt, og um hríð var starfsemi þess með blóma. Síðan hnignaði henni, en nú hefur safninu verið sómi sýndur á nýjan leik. Það hefur húsnæði í barnaskólanum, og þar er einnig bókakostur lestrarfélags Blönduósbúa. Er þar lesstofa fyrir almenning að vetrinum. Framlög til bókasafnsins eru: kr. 1500.00 úr sýslusjóði, kr. 1500.00 úr hreppssjóði og kr. 3650.00 frá ríkinu.

Norður-Þingeyjarsýsla hefur fyrir allöngu komið sér upp bókasafni á Kópaskeri. Í því eru einkum skáldrit á erlendum málum og bækur um félagsleg efni. Safnið hefur nú gott húsnæði í húsi kaupfélagsins. Sýslunni hefur verið gefið merkilegt safn íslenzkra bóka, og er það í Leirhöfn. Sýslan leggur fram kr. 10 000.00, og styrkur frá ríkinu er kr. 4500.00.

**Suður-Múlasýsla** ákvað fyrir nokkrum árum að koma sér upp bókasafni á Eskifirði. Á það nú kr. 25 000.00 í sjóði, og leggur sýslan því til kr. 2000.00 á ári. Í safnið hafa verið keyptar nokkrar bækur, sem varða atvinnu héraðsbúa og sögu héraðsins, en ekki hefur það enn hafið úlánastarfsemi. Ríkisstyrkur til safnsins er kr. 1575.00.

**Austur-Skaftafellssýsla** á nokkurn vísu að sýslubókasafni í Höfn í Hornafirði, en það hefur ekki starfað á seinustu árum, svo að teljandi sé. Sýslan leggur nú ekki fé til safnsins, og það nýtur ekki styrks úr ríkissjóði.

**Vestur-Skaftafellssýsla** á bókasafn, og er það í Vík í Mýrdal. Í Vík er ekkert lestrarfélag, og kemur sýslubókasafnið í stað þess. Sýslan leggur safninu kr. 1500.00, og ríkisstyrkur er kr. 800.00.

**Héraðsbókasafn Suðurlands** er á Selfossi. Það er enn þá lítið og skortir húsnæði til starfsemi sinnar. Það er nú í húsnæði, sem Selfosshreppur leggur því til. Framlög til safnsins eru: kr. 1000.00 frá Árnessýslu, kr. 500.00 frá héraðssambandinu Skarphéðinn og kr. 3000.00 frá ríkinu.

Framlög sýslusjóða til þessara bókasafna nema kr. 28 600.00, en ríkisstyrkurinn kr. 37 225.00.

Um bókaeign sýslubókasafna, starfsemi þeirra og notkun eru ekki fyrir hendi neinær skýrslur.

## 5.

Árið 1953 voru á öllu landinu 209 lestrarfélög. Í 20 hreppum voru tvö eða fleiri félög, í sumum fjögur. Félögin skiptast þannig á sýslur landsins:

Í Gullbringusýslu .....	8	Í Mýrasýslu .....	7
Í Kjósarsýslu .....	3	Í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu ..	6
Í Borgarfjarðarsýslu .....	6	Í Dalasýslu .....	10
Í Austur-Barðastrandarsýslu .....	5	Í Suður-Þingeyjarsýslu .....	13
Í Vestur-Barðastrandarsýslu .....	9	Í Norður-Þingeyjarsýslu .....	9
Í Vestur-Ísafjarðarsýslu .....	7	Í Norður-Múlasýslu .....	9
Í Norður-Ísafjarðarsýslu .....	6	Í Suður-Múlasýslu .....	13
Í Strandasýslu .....	9	Í Austur-Skaftafellssýslu .....	6
Í Vestur-Húnavatnssýslu .....	7	Í Vestur-Skaftafellssýslu .....	7
Í Austur-Húnavatnssýslu .....	11	Í Rangárvallasýslu .....	12
Í Skagafjarðarsýslu .....	18	Í Árnessýslu .....	12
Í Eyjafjarðarsýslu .....	16		

Í 29 hreppum, sem í eru samtals 8629 íbúar, eru engin lestrarfélög. Þessir hreppar eru:

Í Gullbringusýslu .....	1	Í Norður-Þingeyjarsýslu .....	1
Í Kjósarsýslu .....	2	Í Norður-Múlasýslu .....	2
Í Borgarfjarðarsýslu .....	3	Í Suður-Múlasýslu .....	3
Í Mýrasýslu .....	1	Í Vestur-Skaftafellssýslu .....	1
Í Snæfellsnessýslu .....	5	Í Rangárvallasýslu .....	1
Í Norður-Ísafjarðarsýslu .....	3	Í Árnessýslu .....	6

Árið 1952 voru heimatekjur lestrarfélaganna allra, félagsgjöld, styrkir frá sveitar- og sýslusjóðum og gjafir og tekjur af skemmtunum kr. 242 478.00, og sama ár var félögunum úthlutað úr ríkissjóði, samkv. lögum um lestrarfélög, kr. 153 526.00. Tekjur þeirra voru því alls árið 1952 kr. 396 004.00 eða um kr. 1890.00 að meðaltali á hvert félag. Níu félög vörðu til bókakaupa og bókbands innan við kr. 500.00, 25 innan við kr. 1000.00, 27 yfir kr. 3000.00 og eitt hærri fjárhæð en kr. 5000.00. Átta félög keyptu færri en 10 bækur, 55 færri en 25, 47 keyptu meira en 50 bindi og 9 yfir 100.

Skýrslur um árleg bókakaup félaganna sýna, að bókavalið virðist allviða mjög af handahófi, og könnun á bókaeign þeirra leiddi í ljós, að þorri þeirra á mjög fátt af merkjum ritum íslenskra bókmennta — jafnvel frá þessari öld. Ber þar til annað tveggja, að bækurnar hafi aldrei verið keyptar eða þær séu orðnar ónýtar af notkun. Mun síðari ástæðan mjög víða koma til. Sum staðar eru bækurnar í lélegu húsnæði, hjá ýmsum af félögunum virðist skorta á umhirðu, og loks er það, að fjöldamörg félög neyðast til vegna skorts á fé og möguleikum til bókbands að lána bækurnar eins og þær koma frá útgefendum, ýmist í handónýtu bandi eða jafnvel heftar.

## 6.

Eins og áður hefur verið vikið að, treystu Íslendingar allt fram á fyrsta tug þessarar aldar að mestu leyti á heimilin og hvern einstakling í fræðslumálum sínum, og það hefur mjög verið rómað af ýmsum, hve góða raun þetta hafi gefið. En hvað sem því líður, má öllum vera það ljóst, að skólar ná því aðeins tilgangi sínum, að hver einstaklingur noti þá fræðslu, sem hann hefur fengið í skólanum, sem lykil að meiri og staðbetri þekkingu og menntun. Það liggur í augum uppi, að höfuðskilyrði til blómgunar íslenskri þjóðmenningu, bóklegri og verklegri, er bókfús og menntuð alþýða, og enn fremur er það vitað og viðurkennt, að ekki getur hollari og um leið ódýrari tómskundaiðkun en lestur góðra bóka. Af því, sem fer hér á undan, er auðsætt, að allt ráð þjóðarinnar í þessum efnum er mjög á reiki — og að forsjá yfirstjórnar íslenskra menntamála hefur verið þar nauðalítil og fálmkennnd.

Bæjarfélögin hafa öll komið sér upp bókasöfnum, en framlög til þeirra eru misjöfn, miðað við fólksfjölda, enda hafa bæjarfélögin notið til þessara mála lítils styrks og örvunar frá ríkinu. Sú fjárlæð, sem ríkið leggur fram til bókasafna í öllum bæjum á landinu, er nokkurn veginn hálfvirði lítillar íbúðar og nemur aðeins um það bil einum fjögurþúsundasta af heildartekjum ríkissjóðs. Ríkið hlutast heldur ekkert til um það, hvernig starfsemi þessara bókasafna er háttáð, gefur ekki út leiðbeiningar um bókaval, hirðir ekki um, hvort skráning og flokkun bóka er í skynsamlegu horfi, fær engar skýrslur um notkun safnanna og hefur ekki hönd í bagga um val bókavarda, enda slíkum mönnum ekki séð fyrir neinni fræðslu af hálfu ríkisins.

Sýslubókasöfnin voru einkum til þess stofnuð að gefa mönnum í hinum ýmsu héruðum kost á fræðibókum, handbókum og skáldritum á erlendum málum. Þau eiga því mikilvægt hlutverk að rækja. Víða var víðað að þeim bókum af miklum áhuga og furðu vel um þau sýslað. En á síðari áratugum hafa hin gömlu sýslubókasöfn engan veginn vaxið í samræmi við auknar þarfir, almennari tungumálakunnáttu og stórum meiri möguleika til fjáröflunar. Sumar sýslur eiga enn í dag engin bókasöfn, og eins og sjá má á yfirlitinu yfir fjárframlög til safnanna, er þeim alls staðar vant fjár til viðunandi starfrækslu. Eftirlit með starfsemi þeirra og bókakosti er ekkert af hálfu ríkisins, og framlögin eru óveruleg og af algeru handahófi. Áður fyrrum var það gert að skilyrði fyrir ríkisstyrk, að sýslurnar greiddu jafnháa upphæð. Nú hefur þetta skilyrði verið fellt niður. Sýsla, sem leggur kr. 500.00 til bókasafns, fær kr. 2650.00 úr ríkissjóði, önnur, er aðeins greiðir kr. 500.00, fær frá ríkinu kr. 1800.00 og sú þriðja, sem borgar kr. 1200.00 til bókasafns, er hefur ekki með höndum neina útlánastarfsemi, fær úr ríkissjóði kr. 3800.00. Sýslur, sem leggja fram kr. 4500.00, fá svo ekki nema kr. 3750.00, og sýsla, er greiðir kr. 10 000.00, fær einungis kr. 4500.00. Árið 1953 var úthlutað til lestrarfélaga kr. 153 526.00, svo sem áður getur. Meðaltal á félag verður þá kr. 734.00, minna á lítil og lítils megandi félög og meira á hin. Á fjárlögum eru veittar kr. 50 000.00 til lestrarfélaganna, en auk þess fá þau nokkurn hluta skemmtanaskatts. Fram að 1944 fengu þau aðeins hluta af skemmtanaskatti, en sá hluti var allríflegur. Árið 1943 komu til úthlutunar kr. 149 746.00, en væri sú upphæð hækkuð í sam-

ræmi við hækkun á vísitölu framfærslukostnaðar, ætti hún að vera sem næst kr. 350 700.00. Árið 1943 mun hluti félaganna af skemmtanaskatti hafa verið rýrður og sett inn ákvæði um kr. 50 000.00 framlag á fjárlögum. Sú upphæð hefur síðan verið óbreytt, en ætti eftir sömu reglu og áður segir að vera orðin um það bil kr. 117 000.00. Væri hins vegar miðað við hlutfall af heildarupphæð fjárlaga 1944 og 1954, ætti upphæðin að vera stórum hærrí. Loks þykir rétt að benda á það sem eitt dæmi þess handahófs, sem ríkt hefur í þessum málum, að á fjárlögum 1954 eru veittar kr. 1200.00 til sveitarbókasafns á Bildudal, jafnhá fjárhæð til bókasafns á Djúpavogi og kr. 1000.00 til sveitarbókasafns á hverjum eftirtalinna staða: Dalvík, Hrisey og Vopnafirði. Hvers vegna hærrí fjárhæð til bókasafns í kaupúni á Vestfjörðum en á Norðurlandi? Hvers vegna fleiri krónur til bókasafns á sunnanverðum en norðanverðum Austfjörðum? Og hvers vegna er veitt fé til bókasafna í þessum kaupúnum, en ekkert til svipaðra stofnana á Þingeyri, Flateyri, í Hnifsdal, á Þórshöfn, Reyðarfirði, Fáskrúðsfirði, Stokkseyri, Eyrarbakka og í Sandgerði svo að nokkur kaupún séu nefnd?

## 7.

Nefndin var sammála um það, að þeirri skipan bæri að koma á þessi mál, að allir ættu, hvar sem þeir byggju á landinu, aðgang að völdum bókakosti sér til skemmtunar, hagnýtrar fræðslu og alhliða menningarauka, og að sjálfsagt væri, að ríkið ekki einungis veitti til þessara mála nauðsynlegt fjárhagslegt holmagn, heldur líka hefði eftirlit með starfsemi, hefði á hendi ýmsar fyrirgreiðslur og léti í té margvíslegar leiðbeiningar. Komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að koma bæri upp kerfi almenningsbókasafna, hliðstæðu skólakerfi landsins.

Nefndin leggur því til, að landinu verði skipt í 29 bókasafnshverfi, og sé eitt bæjar- eða héraðsbókasafn í hverju hverfi, og í hverjum hreppi verði starfrækt sveitarbókasafn eða lestrarfélag, sem gegni sama hlutverki. Bæjarbókasöfnin verði eflað og starfsemi þeirra samræmd, gerð sem hagkvæmust og skipulegust, og söfnunum falið að vera héraðsbókasöfn þess héraðs eða héraðshluta, sem bezt liggur við, vegna viðskipta og samgangna. Þar, sem sýslubókasöfn eru fyrir, verði þau bætt og aukin, svo að þau verði þess megnug að gegna hlutverki því, sem héraðsbókasöfnum er ætlað. Aðeins á fjórum stöðum á landinu verður að byggja héraðsbókasöfnin upp frá grunni, í Búðardal, á Reykhólum, Egilsstöðum og Hvolsvelli. Þá er stefnt að því að efla sveitarbókasöfn og lestrarfélög og koma því til leiðar, að ekki verði aðeins árlega keyptur sémilegur bókakostur, heldur verði til í hverri sveit, þegar stundir liða, álitlegt safn merkra skáldrita, tímarita og alþýðlegra fræðibóka á íslensku máli.

Við skipting landsins í bókasafnshverfi gat komið til mála að halda sér minna við sýslutakmörk en nefndin leggur til, að gert verði, og lá þá beinast fyrir að gera Árnes- og Rangárvallasýslur að einu hverfi. En hin gamla sýsluskipting á svo mikil ítök í hugum manna, að nefndin taldi réttast að láta sýslutakmörk ráða skipting hverfanna, nema þar sem sérstakar ástæður kæmu til vegna samgangna. Mest er breytingin á Austurlandi, þar sem Fljótsdalshérað og dalirnir upp af því er gert að sérstöku bókasafnshverfi. En nú er á Egilsstöðum risið upp þorp, sem er samgöngu- og viðskiptamiðstöð héraðsins.

Nefndinni var allmikill vandi á höndum, þá er hún skyldi gera tillögur um fjárframlög til almenningsbókasafna. Hún athugaði vandlega fjárframlög bæjar-, sýslu- og lestrarfélaga til þessara mála og reyndi að gera sér sem ljósasta grein fyrir raunverulegri fjárþörf þeirra ýmsu tegunda af almenningsbókasöfnum, sem um eru ákvæði í lögnum, reiknaði með ýmsum tölum og staðnæmdist loks við þau fjárframlög, sem gert er ráð fyrir í 7. og 13. gr. frumvarpsins. Við ákvörðun þessara fjárframlaga hafði hún það hvort tveggja í huga, að þau nægðu til að koma viðunandi skipan á þessi mál og að kröfum til hinna ýmsu aðila væri þannig hagað, að engum væri íþyngt fram yfir það, sem hóflegt nætti teljast.

Heildarfjárframlög samkv. I. og II. kafla frumvarpsins mundu verða eins og hér segir:

Til bæjar- og héraðsbókasafna:

Frá bæjum og kaupþúnum .....	kr. 1 209 630.00
Úr sýslusjóðum .....	— 152 328.00
Úr ríkissjóði .....	— 551 636.00

Samtals kr. 1 913 594.00

Til sveitarbókasafna og lestrarfélaga:

Úr hreppssjóðum og frá félögum .....	kr. 253 875.00
Úr ríkissjóði .....	— 253.875.00

Samtals kr. 507 750.00

Fjárframlög alls:

Úr bæjarsjóðum, sýslusjóðum, hreppssjóðum og frá félögum .....	kr. 1 615 833.00
Úr ríkissjóði .....	— 805 511.00

Samtals kr. 2 421 344.00

Framlög bæja og kaupþúna, sem eru aðsetur héraðsbókasafns, skiptast þannig, að bæirnir greiða kr. 1 103 625.00 og kaupþúnin kr. 106 005.00. Ef sú upphæð, sem frumvarpið gerir ráð fyrir frá bæjarfélögunum, er borin saman við framlög þeirra nú, verður það ljóst, að þar er um mjög óverulega heildaraukningu að ræða, enda greiða nú sum af bæjarfélögunum meira til bókasafnmála en sem nemur lágmarksframlagi, samkvæmt frumvarpinu. Kaupþún, sem verða aðsetur héraðsbókasafns, verða að leggja á sig mjög aukin útgjöld, enda hljóta þau mikil menningarleg hlunnindi fram yfir aðra sambærilega staði. Sýslufélögunum eru í frumvarpinu lagðar á herðar allmiklar byrðar, en sum þeirra hafa þegar séð sér fært að leggja riflegan skerf til þessara mála. Samkvæmt frumvarpinu á Norður-Þingeyjarsýsla að leggja fram sem lágmark kr. 5469.00, en nú nemur framlag hennar til sýslubókasafns kr. 10 000.00. Mýrasýsla á að greiða kr. 3135.00, en greiðir nú kr. 3000.00. Skagafjarðarsýsla á að borga kr. 8247.00, en borgar nú kr. 7400.00, ef tekið er tillit til þess, að hún leggur Bókasafni Skagfirðinga til húsnæði að hálfu. Aukningin á framlagi hreppssjóða og annarra aðila, sem nú leggja fé til starfsemi lestrarfélaga, er raunverulega engin, ef miðað er við lágmarksákvæði frumvarpsins, og aukningin frá ríkissjóði mjög óveruleg, miðað við sömu ákvæði, en hins vegar bætir frumvarpið mjög úr skák fyrir þeim hreppum og lestrarfélögum, sem sýna verulegan áhuga á þessum málum og leggja fram meira fé en lágmarkinu nemur.

Hækkunin á framlagi ríkisins til þessara mála í heild verður talsverð. Á fjárlögum ársins 1954 eru á 15. gr. IX. lagðar kr. 301 300.00 til bókasafna og lesstofa. Við samþykkt þessa frumvarps falla auðvitað niður allar þær fjárveitingar á þessum lið, sem ætlaðar eru til bæjar-, sýslu- og sveitarbókasafna og einnig fjárveiting til lestrarfélaga, en að öðru leyti fer það eftir mati Alþingis, hvað fella skuli niður vegna samþykktar frumvarpsins af styrkjum til ýmissa lesstofa í Reykjavík, kaupstöðum landsins og kaupþúnum. Ekki mundi þó um of að áætla, að fallið gætu brott af þessum lið styrkir, sem alls næmu kr. 220 000.00. Auk þess eru svo þær rúmar hundrað þúsund krónur af skemmtanaskatti, sem nú fara til styrktar lestrarfélögum.

8.

Í nágrannalöndum okkar Íslendinga hefur verið lögð á það sívaxandi áherzla að koma upp bókasöfnum í barna- og unglingskólum, og er varið til þessa all-

miklu fé frá ríki, bæjum og sveitum. Þykir gefa mjög góða raun um uppeldis-  
áhrif að draga æskuna sem mest að lesstofum í skólunum, þar sem hún verður  
að stilla í hóf háttum sínum og nýtur handleiðslu um bókaval innan vissra takmarkra.

Hér á landi hefur ekki verið veitt fé frá ríkinu til bókasafna í skólum yfir-  
leitt, og þó að nefndin telji, að æskilegt væri, að komið væri á stofn bókasöfnum  
og lesstofum í sem flestum skólum landsins, hefur hún ekki talið fært eða tímabært  
að ganga lengra í tillögum sínum um styrk til skólabókasafna en raun ber vitni í  
III. kafla frumvarpsins, 23. gr. Sakir þess, að ætla má, að ýmsum hinum nýju  
almenningsbókasöfnum verði valið staður í heimavistarskólum, er erfitt að gera  
sér grein fyrir, hve hár heildarstyrkurinn til skólabókasafna mundi verða, en  
samkvæmt upplýsingum fræðslumálastjóra mundi hann ekki fara fram úr kr.  
10 000.00.

Mikil nauðsyn þykir bera til, að viðunandi bókakostur sé fyrir hendi í sjúkra-  
húsum, heilsuhælum, elliheimilum og fangahúsum. Árið 1949 var tekinn á fjárlög  
styrkur til bókasafna á Landsspítalanum, Vífilssiðum, í Kristnesi og Reykjalandi,  
kr. 2000.00 til hvers safns, og hefur þessi styrkur ekki verið felldur niður. Nefnd-  
inni virtist styrkuppþæðin ákveðin af handahófi, og taldi hún réttara að miða styrk  
til þeirra stofnana, sem um er fjallað í III. kafla 24. gr. frumvarpsins, við tölu  
sjúkrahúsa og vistmanna. Samkvæmt tillögum hennar mundi styrkurinn vegna  
almennra sjúkrahúsa nema alls kr. 25 000.00 — og til annarra sjúkrahúsa og heilsu-  
hæla kr. 16 250.00 — eða alls til bókasafna í sjúkrahúsum og heilsuhælum kr.  
41 250.00. Styrkur til bókasafna í elliheimilum mundi verða kr. 15 000.00 — og í  
fangahúsum kr. 1250.00. Útgjöldin samkvæmt III. kafla frumvarpsins mundu þá  
alls nema um kr. 67 500.00.

## 9.

Þegar við þau útgjöld, sem nú hefur verið gerð grein fyrir, bætast laun bóka-  
fulltrúa og sá kostnaður, sem störf hans hljóta óhjákvæmilega að hafa í för með  
sér, mundi mega áætla, að útgjöld úr ríkissjóði samkvæmt frumvarpinu næmu  
um það bil kr. 940 000.00, en til frádráttar á þeirri upphæð mundu koma kr.  
320 000.00, miðað við fjárlög ársins 1954, svo að útgjaldaaukningin vegna samþykktar  
frumvarpsins mundi nema sem næst kr. 620 000.00. Upphæð fjárlaga íslenska ríkisins  
hefur nærfellt þrítugfaldast á seinustu þremur áratugum, en því fer fjarri, að svo  
hafi orðið um þær fjárhæðir, sem varið hefur verið til almenningsbókasafna af ríkisfé.  
Í þessu frumvarpi er um að ræða heildarskipan, sem miðar að stórlega bættum  
skilyrðum hollrar tónstundaiðju, fræðslu og menningar allra á þessu landi, hvar  
sem þeir búa og að hverju sem þeir vinna, og mundi vart of í lagt að ætla slíkum  
tilgangi tæpar tvær krónur af hverju þúsundi ríkisteknanna.

### Skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.

#### Um 1. gr.

Orðið „almenningsbókasafn“ er samkvæmt upptalningu þeirri, sem fer á eftir,  
viðtækari merkingar en „alþýðubókasafn“, sem notað er í fræðslulögnum.

Í stað sýslubókasafna koma nú héraðsbókasöfn. Ekki er nú heldur um „amts-  
bókasöfn“ að ræða, þar sem skipting landsins í ömt er nú ekki lengur við höfð.

Naumast virðist ástæða til að taka upp orðið „fjórðungsbókasafn“ (sbr. „fjórð-  
ungssjúkrahús“, enda er skylda um samstarf allra bókasafna ákveðin í frumvarpi  
þessu (26. gr.).

#### Um 2. gr.

Orðið „bókasafnshverfi“ mun ekki hafa verið notað áður. Það svarar til hug-  
taksins „skólahverfi“.

Virðist sjálfsgagt að áætla hverju bókasafni ákveðið umdæmi eftir landsháttum  
og samgöngum.

Er hér oftast fylgt sýslumörkunum, enda er það vafalaust æskilegast, þegar þess er kostur. Þar sem út af er brugðið, er farið eftir mörkunum viðskiptasvæða.

Augljóst virðist, hvaða meginreglum er fylgt í þessum efnum í frumvarpinu. Þó geta vafalaust fleiri sjónarmið komið til greina.

Sérstaklega er ástæða til að benda á 22. bókasafnshverfi. Vopnafjörður liggur allfjarri Seyðisfirði. En verði öflugt sveitarbókasafn í Vopnafirði, ætti bókasafnið á Seyðisfirði að geta hjálpað, þegar hitt þrýtur, því að sæmilegar samgöngur á sjó eru á milli staðanna. Hið sama gildir raunar um Austfirði alla og Vestfirði. Á báðum þeim svæðum verður alveg sérstaklega að treysta á góða samvinnu milli aðal-bókasafna og hinna. (Sbr. 26. gr.)

#### Um 3. gr.

Vafalaust verða ekki allir á eitt sáttir um staðaval bókasafna. Hér er yfirleitt fylgt þeirri reglu að ákveða þeim þá staði, sem þau hafa þegar fengið, eða a. m. k. er vísir að bókasafni fyrir.

Um hitt ætti ekki að þurfa að verða ágreiningur, að heppilegast sé að hafa tiltölulega fá aðalbókasöfn. Þeim mun betur má húa að þeim, hvað húsakynni snertir, bókakost og bókaþörlu.

Slík söfn geta líka smám saman orðið þess umkomin að reka útibú. Eru miklar líkur til, að slík starfsaðferð verði talin heppilegust síðar meir, og er þá vel, ef lög-gjöf sú, sem hér er sett, stuðlar að því, að svo megi verða.

#### Um 4. gr.

Orðin „á annan hátt“ getur verið heppilegt að hafa í lögnum. Vel má hugsa sér, að stjórnir bókasafna beiti sér fyrir ýmsum menningarmálum, skyldum rekstri bókasafns, svo sem fræðandi fyrirlesturum, málfundum (eitt bókasafn hefur nú það hlutverk) eða öðru því líku.

Meginákvæði eru sett hér um bókakaup. Að sjálfsögðu ræður mismunandi kaup-geta safnanna miklu um bókakaup, en þó verður að gera ráð fyrir því, að stjórnir bókasafna þeirra, sem um ræðir í þessum kafla frumvarpsins, hafi það ávallt fyrst og fremst í huga að afla góðra bóka innlendra og erlendra og leggi jafnan áherzlu á að verja nokkru af kaupgetu safnsins til öflunar þeirra bóka og verka, sem ofvaxið er smærri bókasöfnum bókasafnshverfisins að eignast sökum verðs þeirra. Getu slíkar bækur þá komið öllu hverfinu að notum.

#### Um 5. gr.

Ýmis atriði þessarar greinar gætu fremur virzt eiga heima í reglugerð. En þar sem ekki mun auðvelt að setja öllum bókasöfnum eina reglugerð sökum ólíkra aðstæðna þeirra (sbr. skýringar við IV. kafla laganna), er það ráð tekið að gera lögin þeim mun ýtarlegri.

Svo sem hér kemur fram, verður að gera allmiklar kröfur til bókaávarða, bæði um þekkingu á bókum og lipurð í bókaafgreiðslu. En vafalaust mun kostur einhvers slíks manns á hverjum þeim stað, sem bókasafn verður. Má t. d. benda á embættis-menn staðarins, skólastjóra eða kennara, auk þess, sem víðast finnast aðrir bók-elskir og fróðir menn.

Ekki virðist fært að lögbjóða lestrarsali við hvert bókasafn, þó að það væri æskilegt. Ýmsar hömlur geta verið á framkvæmdum að sinni. Þeir munu koma, þegar ástæður leyfa.

Síðasta málsgrein í 5. gr. er mjög nauðsynleg vegna fræðimanna, sem búsettir kunna að vera allfjarri bókasafninu, en annars er, eins og orðalag greinarinnar ber með sér, sleginn varnagli við misnotkun þess ákvæðis, sem í greininni felst.

#### Um 6. gr.

Með ákvæðinu „sjálfseignarstofnun“ virðist stuðlað að því, að bókasafn og hók-hlaða verði eigi notuð til annars en þeim er ætlað samkvæmt lögum þessum.



#### Um 7. gr.

Ákvæði þessarar greinar hafa þegar verið skýrð í greinargerð um frumvarpið í heild, sbr. hér að framan, og vísast því til þeirra skýringa.

#### Um 9. gr.

Sérstaklega er skylt að benda á, að skýrslur allra almenningsbókasafna ber að vanda sem bezt. Verða að sjálfsögðu gefin út eyðublöð til útfyllingar.

Í fljótu bragði virðist vera allmikils krafizt, ef ákvæðið um skrá yfir bókakaup er skilið þannig, að krafizt sé lista yfir allar bækur, sem safnið hefur eignazt á árinu. Þó er þetta nauðsynlegt til þess að bókafulltrúi geti vitað um bókæign safnsins og leiðbeint samkvæmt því um bókakaup.

Þessi bókalisti virðist því verða nokkuð verk í stórum bókasöfnum.

En einmitt í þeim skapast vafalaust sú venja að gera a. m. k. um hver áramót fyrir notendur safnsins fjölrítaðan lista um nýfengnar bækur, og er þá auðsætt, að ekki munar um það, hvort eintök hans eru fleiri eða færri.

Eins má líka hugsa sér, að í skýrslu um bókakaup verði aðeins tilgreint verð og fjöldi bóka samkvæmt flokkum. Er eðlilegast að kveða nánar á um þessi efni í reglugerð.

#### Um 10. gr.

Ekki mun nú annað bókasafn héraðs hafa útibú en Bæjarbókasafn Reykjavíkur, en vel má hugsa sér þá þróun þessara mála í framtíðinni, að í hverju bókasafnshverfi landsins verði aðeins eitt bókasafn, héraðsbókasafn í góðum húsakynnum, og í stað sveitarbókasafna verði útibú aðalsafnsins eða jafnvel umferðasöfn (í bílum) með viðkomu í skólum héraðsins eða félagsheimilum, þar sem skipt er á bókum, lánað og skilað, en engin veruleg bókageymsla á sér stað.

Tiðkast slíkt erlendis og gefur góða raun.

Lagafrumvarp það, sem hér liggur fyrir, gefur opna leið til slíkrar starfsemi (sbr. 12. gr. 2. mgr.).

#### Um II. kafla.

Í II. kafla eru ýmis nýmæli, sem skýra þarf.

1. Orðið sveitarbókasafn mun lítið hafa verið notað áður. Er hér að sjálfsögðu fyrst og fremst átt við bókasöfn sveitanna. En ekkert virðist því til fyrirstöðu, að bókasöfn þeirra kaupúna, sem ekki hafa héraðsbókasöfn, falli undir sama heiti.

Bókasafn kaupúnsins getur borið nafn þess engu að síður, t. d. Bókasafn Ólafsvíkur.

Sums staðar er kaupúnið einungis hluti hrepps, og fer þá vel á því, að bókasafnið beri heiti sveitarinnar, t. d. Bókasafn Suðurfjarðahrepps (á Bíldudal).

2. Gert er ráð fyrir, að sveitarstjórnir annist þessi bókasöfn. Mun slíkt sums staðar hafa átt sér stað áður, t. d. í Flatey á Breiðafirði og víðar.

Með ákvæðinu um sveitarbókasöfn á síður en svo að hefta starfsemi lestrarfélaga. Hér er aðeins verið að tryggja það, að sveitarstjórnir standi á bak við og gripi inn í, þegar þörf krefur.

3. Nýmæli um lestrarfélög má telja geymsluskyldu þeirra bóka, sem félagið eða sveitarfélagið eignast með styrk af opinberu fé. Virðist dálítið einkennilegt, að lestrarfélög skuli jafnan hafa orðið að staðfesta það, að þau hafi keypt tiltekna bækur, en hins vegar virðist þeim ekki hafa borið lagaleg skylda til að geyma þær bækur til langframa.

Ákvæðin um bókasöfn lestrarfélaganna (sveitarbókasöfn) virðast því fyrst og fremst lestrarfélögunum hagkvæm.

Um 11. gr.

Sú skylda að stofna algerlega að nýju sveitarbókasafn kemur aðeins á mjög fá sveitarfélög, eins og áður hefur verið sagt í greinargerð. Hins vegar gerir frumvarpið ráð fyrir, að sá visir bókasafna, sem fyrir er í flestum sveitum landsins, fái öruggt húsnæði og aðhlyningu.

Um 13. gr.

Á fjárframlög til sveitarbókasafna og lestrarfélaga hefur þegar verið minnt. Fé það, sem bókasöfn þessi ráða yfir, virðist að vísu vera lítið víðast hvar, en þó hefur reynsla fengizt fyrir því, að með sjálfboðavinnu og ódýru húsnæði má koma upp sæmilegu bókasafni, sé hagsýni gætt.

Um 17. gr.

Sjálfsagt virðist að geyma sveitarbókasöfn í skólahúsum, þar sem því verður við komið, og leiðir þá af sjálfu sér, að skólastjóri annast bókasafnið eða getur séð um það að meira eða minna leyti.

Í reglugerð verður að sjálfsögðu ákveðið, að bækurnar verði varðveittar í lokuðum skápum, þar sem þær eru ekki geymdar í sérstökum læstum herbergjum.

Um 21. gr.

Eins og segir í fræðslulögum, hefur fræðslumálastjóri yfirumsjón allra almenningsbókasafna landsins, og er því jafneðlilegt, að námsstjórnir annist þann mikilvæga þátt starfsins að líta eftir hag bókasafnanna.

Um III. kafla.

Um 22.—23. gr.

Vel má vera, að fátæklega þyki til tekið að ákveða ekki stofnun bókasafna í öllum skólum landsins og eins hitt, hve framlögin eru höfð lág. En úr hvoru tveggja má trúlega bæta síðar.

Stórir skólar geta og haft ýmsar leiðir til fjáröflunar, svo sem skemmtisamkomur, sem nemendur annast, eða smá-nefskatt á þá. Er ekki ólíklegt, að nemendur hefðu ánægju af að efla með slíkri fjáröflun bókasafn þeirrar stofnunar, sem veitir þeim mörg friðindi.

Þar sem talað er um „fjárstyrk annars staðar frá“ má gjarnan skilja svo m. a., að sá fjárstyrkur verði framlög nemenda.

Um 24. gr.

Framlög til bókasafna þeirra, sem hér um getur, eru auðvitað afar lág og mættu þegar í byrjun vera hærri. Vel má hugsa sér, að slík söfn fái bókaþjafir. eru þegar til mörg dæmi þess.

Um IV. kafla.

Um 25.—26. gr.

Svo sem áður segir, er æskilegt, að lög þessi séu sem ýtarlegust og nái til sem flestra atriða, sem varða öll almenningsbókasöfn landsins sameiginlega. Hér eru því tekin fram ýmis atriði, sem kynnu að virðast reglugerðaratriði, en þau eru öll svo mikilsverð, að réttast sýnist að taka þau inn í lög.

Með „handhægri bókasrá“ er átt við spjaldskrá og lista yfir nýfengnar bækur.

Um 27. gr.

Í lögum um lestrarfélög o. s. frv. frá 1944 er ákveðið, að öll lestrarfélög landsins skuli fá flest þau rit ókeypis, sem hér eru talin. En hafi þessu ákvæði verið fylgt, mun reynslan þó sýna, að fá lestrarfélög hafa hirt um að geyma þessi rit, enn síður að binda þau, og sennilega hafa fáir notað þau. Hér er því látin nægja heimild fyrir sveitarbókasöfn að fá rit þessi ókeypis. Hins vegar er sjálfsagt, að

þau séu vel varðveitt í bæjar- og héraðsbókasöfnum, því að jafnan eru í þeim heimildir, sem einstökum mönnum eru nauðsynlegar við fræðiiðkanir og hagnýt störf og því sjálfsagt að gefa þeim kost á að afla þeirra án mikillar fyrirhafnar. Héraðsbókasöfn eigi fullkomlega að geta leyst þessa þörf alls bókasafnshverfisins.

Um 28. gr.

Ekki virðist heppilegt eða jafnvel tiltækilegt að semja eina allsherjar reglugerð fyrir öll bókasöfn landsins, vegna þess hve bókasöfnin hljóta að búa við ólíkar aðstæður. Hljóta t. d. að vera allólikar starfsreglur bókasafnsins í Reykjavík og bókasafns í Hólmavík, svo dæmi séu nefnd.

Margt er auðvitað sameiginlegt með öllum bókasöfnum, og hefur verið reynt að taka sem mest af því upp í frumvarpið. Annað, sem varðar starfsreglur hvers bókasafns, virðist auðvelt að ákveða á hverjum stað með leiðbeiningum kunnáttumanns, eins og segir í greininni.

Ekkert safn á að fá ríkisstyrk, fyrr en reglur þessar hafa verið settar.